

Alþingi
Erindi nr. P 140/2361
komudagur 10.5.2012

Athugasemdir Þorbjarnar Broddasonar við frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. (Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Frumvarp það sem nú liggur fyrir er prýðilegt um flesta hluti og verði það að lögum mun Ríkisútvarpið geta enn betur en áður rækt skyldur sínar við þjóðina. Ég orðlengi ekki um þau atriði, sem ég er sammála, heldur vík beint að þeim greinum frumvarpsins, sem ég vil gera athugasemdir við. Þær eru annars vegar smávægilegar, nánast á stigi prófarkalesturs, en þrjár eru þungvægar og lýtur ein að skyldum Ríkisútvarpsins við börn og ungmenni en tvær lúta að fjármögnun Ríkisútvarpsins. Breytingartillögur mínar má allar sjá í viðhengi þar sem eingöngu er að finna þær greinar frumvarpsins, sem ég geri athugasemdir við.

Í 4. tölulið 3. gr. legg ég til smávægilega orðalagsbreytingu, sem ég held að sé til bóta en felur ekki í sér neina breytingu á innihaldi.

Í 7. tölulið 3. gr. er tilgreint í númeruðum liðum hvernig Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu. Ég legg til að 5. töluliður þar verði færður í 2. sæti og fái víðtækara orðalag. Með þessum hætti verða skyldur Ríkisútvarpsins við börn og ungmenni þungvægari og almennari. Ég tel mjög mikilvægt að leggja þannig aukna áherslu á skyldur Ríkisútvarpsins við upprennandi kynslóðir. Tungumálið er helsta tæki fjölmiðilsins og því fer vel á að nefna það fyrst, en síðan á að nefna æskuna sem geymir fjöregg framtíðarinnar.

Litlu neðar í sömu gr. er tilgreint í tölusetnum liðum hvernig starfshættir Ríkisútvarpsins skuli vera. Þar legg ég til innskot í 2. lið til skilningsauka.

Í 4. gr. legg ég til niðurfellingu tilvísunar í 7. gr. í ljósi tillögu minnar um meðferð þeirrar greinar.

Hvað varðar 7. gr. legg ég til að horfið verði með öllu frá fjármögnun Ríkisútvarpsins með auglýsingum og kostun. Um þetta mætti skrifa langt mál en ég læt nægja að fullyrða að engin leið sé að þiggja fé frá hagsmunaaðila án þess að því fylgi kvaðir, hversu duldar, óljósar og jafnvel ómeðvitaðar, sem þær kunna að vera. Auglýsingar eru slæmar en mitt mat er að kostun sé enn varasamari. Hér gildir einfaldlega hið fornkveðna: Æ sér gjöf til gjalda. Vissulega þekktist í okkar heimshluta að almannaútvarp sé fjármagnað með viðskiptaboðum en ég tel rétt að líta fyrst og fremst til þeirra landa, sem við berum okkur oftast saman við, Bretland, Danmörku, Noreg og Svíþjóð, þar sem almannaútvarpsstöðvar hafna þessari fjármögnunarleið. Ríkisútvarpið er réttilega borið saman við aðrar grunnstöðir þjóðfélagsins: þjóðkirkjuna, opinbera

menntakerfið, menningarstofnanir á borð við Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveitina, heilbrigðiskerfið og í vissum skilningi dómskerfið og löggæsluna. Viðskiptauglýsingar á kirkjuveggjum, á skólalóðum eða inni í kennslustofum grunnskólans, inni í miðjum leiksýningum eða tónleikum, á veggjum sjúkrastofa, á veggjum dómssala eða farartækjum og búningum lögreglunnar yrðu naumast litnar hýru auga. Viðbótarröksemd, sem ég tek mjög alvarlega, snýr að því að hver einasta auglýsingakróna, sem Ríkisútvarpið aflar sér, er tekin úr vasar einkarekinna fjölmiðla og þar með grefur Ríkisútvarpið undan öflugri fjölmiðlun á viðskiptagrundvelli. Slíkt er ákaflega óheppilegt svo ekki sé kveðið fastar að orði.

Ég legg til að 1. liður 14. gr. verði felldur út en í hans stað verði saminn nýr texti, sem taki til fyrirmyndar nýnnleiddar breytingar á reglum um fjármögnun finnska ríkisútvarpsins, YLE. Kjarninn í þeim breytingum er að lagt er gjald á einstaka skattþegna og að því leyti svipar finnsku aðferðinni til hinnar íslensku, bæði eins og hún er nú tíðkuð og eins og lagt er til í frumvarpinu, sem nú liggur fyrir. Munurinn er hins vegar sá, eftir því sem ég kemst næst, að gjaldið (skatturinn) er tekjutengt þannig að fátæklingar sleppa mjög vel frá sjónvarpsmálum sínum án þess þó að hinir betur settu finni tiltakanlega fyrir þessum álögum. Lauslega reiknað virðist YLE-skatturinn munu hlaupa á bilinu frá rúmum 8 þúsund krónum og upp í tæp 23 þúsund. Í tilkynningu frá finnsku ríkisstjórninni (Statsrådets principbeslut om Rundradion AB:s allmännyttiga verksamhet) er þetta mál reifað svo:

Skattens storlek fastställs utifrån förvärvsinkomster och kapitalinkomster. Skatten kommer att vara 50–140 euro per inkomsttagare beroende på personens inkomstnivå. Avgiften tas inte ut av personer vars inkomster inte når upp till en bestämd inkomsttröskel och inte heller av minderåriga.

<http://valtioneuvosto.fi/tiedostot/iulkinen/periaatepaatokset/2011/yle/sv.pdf>

Því má bæta við að Svíar hugleiða nú mjög alvarlega að feta í þessi fótspor granna sinna í austri (sjá t.d. sænska dagblaðið Dala-Demokraten 20. apríl s.l.: <http://www.dalademokraten.se/Opinion--Kultur/Ledare/2012/04/20/TV-avgiften-kan-avskaffas/>). Sjálfsagt er hætt við Íslendingar þyrftu að setta sig við eitthvað hærri upphæðir en Finnar hafa í huga.

Ég óska þessu frumvarpi farsællar meðferðar og afgreiðslu, þjóðinni til heilla.

Með góðri kveðju,

10. maí 2012,
Þorbjörn Broddason
prófessor

Frumvarp til laga
um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Tillögur ÞB að breytingum eru færðar inn með Track Changes

II. KAFLI
Hlutverk og skyldur.

3. gr.

Fjölmiðlaþjónusta í almannabágu.

Um fjölmiðlaþjónustu Ríkisútvarpsins í almannabágu gildir eftirfarandi:

4. Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Það skal enn fremur birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Leggja rækt við íslenska tungu.

5. Miða dagskrá við þarfirog hagsmuni barna og ungmenna.

2. Kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifð og náttúru.

3. Þjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið lista og menningarlífs á Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.

4. Framleiða sjálfst og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, þ.m.t. íþróttir, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspegla samtímamenningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, meðal annars með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum.

6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hæfi fólks á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.

Í starfsháttum sínum skal Ríkisútvarpið:

1. Vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð.

2. Ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, og í álitamálaum sé leitað upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.

3. Sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöðum.

4. Virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.

Deleted: E

Deleted: að

Moved (insertion) [1]

Deleted: Framleiða og miðla fjölbreyttu efni

Deleted: hæfi

Moved up [1]: 5. Framleiða og miðla fjölbreyttu efni við hæfi barna og ungmenna.

Deleted: sé

5. Vera óháð stjórnmalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum.
6. Stunda vandaða og gagnrýna blaðamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings.
7. Dagskrárakvarðanir skulu teknar á faglegum forsendum.

4. gr.

Önnur starfsemi.

Ríkisútvarpið skal stofna og reka dótturfélög, sem að fullu leyti eru í eigu þess, fyrir aðra starfsemi en þá sem kveðið er á um í 3. gr. Þá er Ríkisútvarpinu heimilt að eiga hlut í fyrirtækjum sem framleiða, vinna eða dreifa dagskrárefni.

Tilgangur dótturfélaga Ríkisútvarpsins er að styðja við starfsemi móðurfélagsins með því að nýta tæknibúnað, dreifikerfi, sérþekkingu starfsmanna og aðstöðu Ríkisútvarpsins til annarrar starfsemi en þeirrar sem fellur undir 3. gr. Innan starfsemi dótturfélaga fellur m.a. að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar áður framleiddu efni í eigu Ríkisútvarpsins. Einnig að selja birtingarrétt að efni Ríkisútvarpsins og að framleiða og selja vörur sem tengjast framleiðslu Ríkisútvarpsins á efni sem fellur undir 3. gr. Dótturfélagi er heimilt að semja við önnur fyrirtæki um framangreind verkefni. Ríkisútvarpið skal setja gjaldskrá fyrir þessa starfsemi og birta á vef sínum.

Starfsemi dótturfélaga Ríkisútvarpsins samkvæmt þessari grein lýtur sömu löggjöf og félög í samkeppnisrekstri.

Tryggja skal ritstjórnarlegan aðskilnað milli Ríkisútvarpsins og dótturfélaga þess.

Nánar skal kveða á um skipan stjórna í dótturfélögum Ríkisútvarpsins í samþykktum þess.

7. gr.

Viðskiptaböð.

Ríkisútvarpið birtir hvorki viðskiptaböð né þiggur kostunarfé. Því er heimilt að birta:

- a. Tilkynningar um eigið myndmiðlunarefni og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni.
- b. Tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaus.

IV. KAFLI

Tekjur Ríkisútvarpsins.

14. gr.

Tekjustofnar.

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem rikisskattstjóri leggur á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt, og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. sömu laga, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Gjaldið skal nema 18.800 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila.
2. Rekstrarafgangur af starfsemi sem fellur undir 4. gr.

Deleted:

Ríkisútvarpið skal fela dótturfélagi að selja birtingar á viðskiptaböðum í miðlum Ríkisútvarpsins, sbr. 7. gr. Fjarreiðum vegna sölu á birtingu viðskiptaböða skv. 7. gr. skal halda aðgreindum frá starfsemi sem fellur undir 3. gr.

Deleted:

Auglýsingar skulu skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni Ríkisútvarpsins og gæta skal höfsemi í birtingu.

Ekki er heimilt að slita í sundur dagskrárlíði með viðskiptaböðum í sjónvarpi en þó má vikja frá því vegna útsendingar íbúðarmikilla dagskrár líða eða eigin framleiðslu sem er a.m.k. 60 mínútur að lengd samkvæmt reglum sem Ríkisútvarpið setur sér.

Við myndmiðlun skal hlutfall auglýsinga og fjarkaupainnskota innan hversrar klukkustundar ekki fara yfir 8 mínútur. Í merkingu þessa ákvæðis telst eftirfarandi ekki til auglýsinga:

- a. Tilkynningar frá Ríkisútvarpinu um myndmiðlunarefni þess og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni, kostunartilkynningar og tilkynningar um vörumsetningu og sýndarauglýsingar.
- b. Tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaus.

Ríkisútvarpið skal setja og birta gjaldskrá fyrir viðskiptaböð. Við sölu viðskiptaböða skal gætt jafnvæðis gagnvart viðskiptamönnum Ríkisútvarpsins. Afsláttarkjör fyrir kostunaraðila og auglýsendur skulu vera gagnsæ og standa öllum viðskiptamönnum til boða fyrir sambærilegt umfang viðskipta.

Ríkisútvarpinu er óheimilt að selja viðskiptaböð til birtingar á veraldarvefnum. Heimilt er þó að láta þau viðskiptaböð og kostunartilkynningar sem eru hluti af útsendingu dagskrár Ríkisútvarpsins birtast á vef þess. Þá er Ríkisútvarpinu heimilt að birta á vef sínum viðskiptaböð og kostunartilkynningar sem tengjast vefútsendingum sérstaklega og kynna þar dagskrá Ríkisútvarpsins ásamt þjónustu og hlutum sem tengjast henni.

Vörumsetning er óheimil í efni sem Ríkisútvarpið framleiðir sjálf og/eða framleiðir í samstarfi við aðra innlenda aðila og er sérstaklega framleitt fyrir Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpinu er þó heimilt að nota upptökustaði og leikmuni eða vísu til ákveðinnar þjónustu vegna notagildis og/eða í listrænum tilgangi og skal það gert með látláusum hætti.

Ríkisútvarpið setur reglur um viðskiptaböð í miðlum sínum og skulu þær birtar á vef þess.

Comment [PB1]: Ég legg til að farin verði finnska leiðin (sem Svíar hugleiða nú einnig).

3. Tekjur af þjónustu sem fellur undir 3. gr., sbr. 3. mgr.

4. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Um álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Í stað tíu gjalddaga skulu gjalddagar einstaklinga vera 1. ágúst, 1. september og 1. október. Gjalddagi lögaðila er 1. nóvember. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst eða 1. nóvember færast gjalddagar til um einn mánuð. Fyrsta virkan dag hvers mánaðar skjal fjármálaráðuneyti greiða Ríkisútvarpinu fyrir fram fjárhæð sem svarar til áætlaðs $\frac{1}{12}$ heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt þessari grein sem koma skal árlega til uppgjörs á móti innheimtu skv. 1. tölul. 1. mgr.

Stjórn Ríkisútvarpsins skal setja gjaldskrá fyrir þjónustu sem veitt er á sviðum er falla undir 3. gr. og skal hún taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna og af höfundaréttargjöldum. Við öflun eigin tekna skal Ríkisútvarpið gæta jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum þess og byggja ætíð á málefnalegum sjónarmiðum og starfa í samræmi við í heilbrigða viðskiptahætti.